



## 5. STJÓRNARFUNDUR UNGMENNAFÉLAGS ÍSLANDS HALDINN 22. – 23. JANÚAR 2016 AÐ LAUGUM Í SÆLINGSDAL.

**Mætt eru:** Haukur Valtýsson (HV), Örn Guðnason (ÖG), Hrönn Jónsdóttir (HrJ), Helga Jóhannesdóttir (HeJ), Ragnheiður Högnadóttir (RH), Gunnar Gunnarsson (GG), Guðmundur Sigurbergsson (GS), Sigurður Óskar Jónsson (SÓJ) (í gegnum síma) og Auður Inga Þorsteinsdóttir (AIP) framkvæmdastjóri UMFÍ.

**Forföll boðuðu:** Björn Grétar Baldursson (BGB), Þorgeir Örn Tryggvason (ÞÖT), Kristinn Óskar Grétuson (KÓG) boðaði forföll á föstudeginum.

- 1. FUNDUR SETTUR KL. 20:00 - SÓJ TÓK SÆTI AÐALMANNNS.**
- 2. Upplýsingagjöf frá framkvæmdastjóra**  
AIP fór yfir stöðu mála, helstu verkefni sem í gangi eru á skrifstofunni, ferðir, fundi ofl.
- 3. Framkvæmdastjórnarfundargerð nr. 2 samþykkt.**
- 4. Fjármál** Drög að ársuppgjöri 2015 lögð fyrir fundinn. AIP fór yfir uppgjörið.
- 5. Þrastalundur** Samþykki kaupanda á lúkningu kaupa á Þrastalundi liggur fyrir, vonast er til að sala á Þrastalundi gangi í gegn á næstu dögum og lokagreiðsla berist.
- 6. Skráningarkerfi – Felix** Samþykkt, með einu mótatkvæði (GG), að halda áfram samstarfi við ÍSÍ um uppfærslu á miðlægum gagnagrunni og skráningarkerfi. (Verksamningur um innleiðingu á nýrri útgáfu félagakerfisins Felix, lagður fyrir stjórn 11.12.2015). Samþykktin er háð þeim fyrirvara að viðunandi samstarfssamningur náist á milli UMFÍ og ÍSÍ um rekstur og uppfærslu kerfisins.

SÓJ vék af fundi kl. 22:30.

Fundi frestað kl. 22:45.

Fundi framhaldið á laugardag kl. 08:30.

### 7. Landsmót UMFÍ

- Áfram unnið að skipulagi á 28. Landsmóti UMFÍ. HV, ÖG, AIP og Ómari Braga Stefánssyni falið að vinna málið áfram.
- HV, AIP, Einar Krisján Jónsson og Ómar Bragi Stefánsson vinna að hugmyndum um fjármögnun Landsmóta UMFÍ.
- Rætt um möguleika á að láta hana „app“ fyrir mót UMFÍ.

KÓG mætti á fund kl. 09:30 og tók sæti aðalmanns.

## 8. Stefnumótun

- a. Anna Margrét Tómasdóttir fór yfir framtíðarsýn Ungmenna- og tómsundabúða á Laugum (UTB). HeJ falið að taka saman gögn um UTB og leggja fram á næsta fundi.
- b. AIP lagði fram drög að stefnumótun sem unnin var af starfsfólki UMFÍ. Starfsfólki þökkuað góð vinna. AIP falið að fylgja málinu eftir og kalla eftir lokaskýrslum frá starfshópum fyrir næsta stjórnarfund. Lögð er áhersla á að stefnumótun verði lögð fram fullunnin á vorfundi UMFÍ.

**9. Getspá – Getraunir** Lagt var fram til kynningar, bréf er varðar stöðu og starfsemi Íslenskrar getspár og Íslenskra getrauna.

**10. Ársþing/aðalfundir sambandsaðila** Farið yfir skipulag heimsókna stjórnar og starfsmanna á ársþing og aðalfundi sambandsaðila.

**11. Nefndir og vinnuhópar** Klárað að skipa í nefndir og vinnuhópa.

## 12. Önnur mál

- a. Stjórn UMFÍ lýsir ánægju sinni á veitingu Fálkaorðu Forseta Íslands til Helgu Guðrúnar Guðjónsdóttur, fyrrverandi formanns UMFÍ og óskar henni innilega til hamingju.
- b. Bréf frá Deloitte v. endurskoðunar á ársreikningi 2015 lagt fram. AIP og HeJ falið að funda með endurskoðanda.
- c. Bréf frá umhverfis- og skipulagsnefnd Reykjavíkur um breytingar á lóð við Engjateig 7, lagt fram. Engar athugasemdir gerðar.
- d. Samþykkt að skoða kaup á nýju tjaldi í stað þess sem skemmdist í óveðri. AIP fær umboð til að ræða við Skátana um geymslu og fleira tengt rekstri tjaldsins.
- e. Bílamál rædd. Ákveðið að setja bíl, sem fráfarandi formaður hefur haft til afnota, í söluskoðun og hann verði seldur í því ástandi sem hann er í dag. AIP falið að gera greiningu á akstursþörf starfsstöðva UMFÍ og leggja fram valkosti í stöðunni.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 12:40.  
HrJ ritaði fundargerð.